

## Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 91.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á Hótel Varmahlíð 27. maí 2019, kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár bs. ásamt því að Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu var í símasambandi undir lið 6.

### Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur 2018
3. Boðun aðalfundar
4. Gjaldskrá urðunarstaðarins
5. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins
6. Staða á endurnýjun starfsleyfis
  - a. Umsögn UST
  - b. Umsögn heilbrigðiseftirlits
7. Grænt bókhald
8. Önnur mál

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð nr. 90 frá 5. febrúar 2019 undirrituð og samþykkt formlega.

#### 2. Ársreikningur 2018

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2018. Magnús fór yfir helstu niðurstöður hans. Stjórn ræddi bæði heildarniðurstöður og einstaka rekstrarþætti ársreikningsins. Ekki komu fram athugasemdir.

Megin niðurstöður ársreiknings sýna að rekstrartekjur félagsins námu 184,4 milljónum og rekstrargjöld fyrir utan fjármagnsliði 111,4 milljónum. Fjármagnsgjöld voru 27,3 milljónir. Hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 45,7 milljónir, samkvæmt rekstrareikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 363,5 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi. Laun og launatengd gjöld námu 37,6 milljónum á árinu 2018. Þar af námu laun og launatengd gjöld stjórnar 1,2 milljónum. Stöðugildi í árslok voru 3 en fjöldi starfsmanna var að meðaltali 3,6.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða af stjórn og vísað til komandi aðalfundar.

### 3. Boðun aðalfundar

Samþykkt að boða til aðalfundar Norðurá bs. miðvikudaginn 5. júní n.k. kl: 16:00. Gert er ráð fyrir hefðbundnum aðalfundarstörfum ásamt því að Gunnar Svavarsson frá Eflu verður með kynningu á vinnu við stækkun starfsleyfis. Jafnframt ákveðið að bjóða Unni Valborgu Hilmarsdóttur að vera með kynningu á starfi nefndar sem er að störfum um úrgangsmál á Norðurlandi.

### 4. Gjaldskrá urðunarstaðarins

Farið yfir gildandi gjaldskrá Norðurá bs. en hún hefur verið óbreytt frá árinu 2012 fyrir utan að gjaldflokkur um urðun á sláturmat og dýrahraejum hefur bæst við. Fyrir liggur tillaga að breytingu sem byggir á hækkun neyslúvísitölu, en frá árinu 2013 hefur hún hækkað um tæp 15%. Gert er ráð fyrir að allir liðir hækki um 5 til 13% nema flokkurinn kurlað timbur sem lækkar 11%. Stærstu flokkarnir sem eru blandaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum hækkar um 5,1%. Samþykkt að hækkunin taki gildi frá 1. janúar 2020.

### 5. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins

Fannar fór yfir stöðuna á daglegum rekstri sem í heildina gengur vel og samkvæmt áætlun. Heildar sorpmagn sem berst til urðunar er að aukast milli áráanna 2018 og 2019. Mest munar þar um aukið magn af ketilryki en það er væntanlega tímabundin aukning. Blandað sorp frá fyrirtækjum og heimilum ásamt fleiri flokkum lækkar aðeins, en magn sláturúrgangs frá sláturhúsum vex á sama tímabili milli áráanna 2018 og 2019.

### 6. Staða á endurnýjun starfsleyfis

Gunnar Svavarsson fór yfir þá vinnu sem í gangi er vegna umsóknar til UST um stækkun á starfsleyfi þar sem sótt er um að hámark starfsleyfis miðist við 30 þús. tonn í stað 21 þús. tonna heimildar í gildandi starfsleyfi. Gengur vinnan vel en borist hafa umsagnir frá þeim aðilum sem óskað var eftir umsögnum frá, þar með taldar umsagnir UST og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Vestra sem voru til kynningar. Fram kom hjá Gunnari að gert sé ráð fyrir að frummatsskýrslu verði skilað til Skipulagsstofnunnar í sumar en samhliða er verið að vinna drög að matsskýrslunni. Framundan eru frekari fundir, meðal annars með landeigendum og fleirum sem málið varða. Gert er ráð fyrir að ferlið klárast að óbreyttu fyrir árslok 2019.

### 7. Grænt bókhald

Fyrir liggur frágenginn skýrsla um grænt bókhald vegna starfsemi Norðurá bs. 2018. Bókhaldið er unnið af Ágústi Þór Bragasyni og Fannari Viggóssyni. Jafnframt er bókhaldið áritað af stjórn félagsins og endurskoðanda.

## 8. Önnur mál

Fannar ræddi um þörf þess að endurnýjaður yrði vinnubíll Norðurár en núverandi bíll er orðinn 15 ára. Fannari falið að gera tillögu um hentugan bíl fyrir starfsemina.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson